



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
24. eigendafundar Strætó bs.
Sveinatunga, Garðatorgi 7
Mánudaginn 7. september 2020, kl. 12:30

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir, stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1) Forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Strætó bs. 2021.

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., kynnti drög að forsendum fjárhagsáætlunar og mismunandi sviðsmyndir. Vinna við fjárhagsáætlun, þ.m.t. hvort hagkvæmt sé að endurnýja vagnafloata og að hvaða marki sé rétt að bjóða út verkefni til útvistunar, stendur enn yfir.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2021, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Stjórn Strætó bs. skoði betur möguleika hvað varðar útvistun og græna fjármögnun við áframhaldandi gerð fjárhagsáætlunar.

2) Kynning á innleiðingaráætlun vegna áframhaldandi vinnu við endurskoðun stjórnarsýslu byggðasamlaganna.

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, kynnir verkefnið til þessa og þá innleiðingaráætlun sem nú liggur fyrir í drögum. Farið yfir helstu þætti sviðsmynda 2a og 2b, og þá tillögu um að greina betur verkefni byggðasamlaganna sem slík svo auðveldara sé að móta framtíðarsýn tengda einstökum sviðsmyndum. Samhliða slíkri greiningu standi til að forma betur tillögur um fulltrúaráð. Í kjölfar þeirrar vinnu verði auðveldara að ákvarða hvaða sviðsmynd verði fyrir valinu. Mikilvægt sé að sameiginleg sýn verði á því hver verkefnin eru og hver þeirra eigi hugsanlega að skilja frá byggðasamlögunum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að halda áfram með verkefnið samkvæmt fyrirbyggjandi innleiðingaráætlun og með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

3) Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.